

11 anlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að alla heimild brestur til að greiða af sjóði Möðruvallaklausturskirkju kostnað við snjómokstur frá kirkjugarðshliði til kirkjudyra á Möðruvöllum.

12 **Brjef landshöfðingja, til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um tvær nýjar manntalsþinghár.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmáður, í þóknanlegu brjefi, dags. 26. f. m. vil jeg hjer með eptir beiðni hreppsnefndanna í Hörgslandshreppi og Kirkjubæjarhreppi, er hlutadeigandi sýslumaður hefir mælt með, veita samþykki til, að hvor hinna nefndu hreppa verði eptirleiðis manntalsþinghá út af fyrir sig, hinn fyrri með þingstað að Fossi á Síðu og hinn síðari með þingstað að Ytri-Dalbæ í Landbroti, og ber hreppsnefndunum að sjá um sæmleg hús til þinghaldanna. Með þessu er engin breyting gjörð á hinni fornu Kleifaþinghá sem dómsþinghá.

Þetta tilkynnist yður hjer með, herra amtmáður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

ÝMSAR GREIÐSLUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt 12. gr. B. b. í fjárlögunum fyrir 1892 og 1893 var greitt alls árið 1892:

a) til nýrra vegagjörða:

1. Til vegagjörðar í Húnavatnssýslu	11.430,48	
2. — — — í Ölfusi	9.969,58	
3. — — — frá Gilsferju að Vaðlaheiði	4.000,00	
4. — — — milli Oddeyrar og Akureyrar	2.500,00	
		<u>27.900,06</u>

b) til vegabóta og viðhalds vega

c) — verkfæraakaupa

d) — gæzlu á Ölfusárbrúnni

Kr. 36.078,78 36,078,78

EMBÆTTASKIPUN OG LAUSN FRA EMBÆTTI.

5. jan. 1893 var *Stokkseyrarprestakall* í Árnesprófastsdæmi af konungi veitt síra *Ólafi Helgasyni* á Gaulverjabæ samkvæmt kosningu hlutadeigandi safnaða, frá næstkomandi fardögum að telja.

19. jan. veitti landshöfðingi prestaskólakandidat *Kjartani Kjartanssyni* Stadarpresta-kall í Grunnavík samkvæmt kosningu hlutadeigandi safnaðar, frá næstkomandi fardögum að telja.

19. desbr. 1892 veitti biskup *Magnúsi* prófasti *Andrjessyni*, presti að Gilsbakka, lausn frá prófastsembætti í Mýra-prófastsdæmi samkvæmt beiðni hans, frá 10. s. m. að telja, og frá sama degi var settur síra *Einar Friðgeirsson* á Borg, til þess fyrst um sinn að gegna þar prófastsstörfum.

ÓVEITT PRESTAKALL.

Gaulverjabær í *Árnessprófastsdæmi*. Metið 1398 kr. 61 e. Prestsekkja er í braudinu, sem nýtur $\frac{1}{10}$ af tekjum þess. — Á braudinu hvílir embættislán til timburhússbyggingar, að upphæð 3200 kr., tekið 1892, sem ávaxtast og endurborgast á 28 árum með 6% árlega. (Stj.tíð. 1891, B. bls. 157). Veitist frá næstu fardögum. Augl. 22. febrúar.